



# GRINDAVÍK

www.grindavik.is



## Náttúruvika 25. júlí – 2. ágúst

Í **Saltfisksetrinu**, Hafnargötu 12a verða uppstoppaðir fuglar til sýnis auk hefðbundinnar saltfisksýningar safnsins og fallegs handverksmarkaðar.

**Eldfjallaferðir** - Boðið er upp á magnaðar ferðir um undraheim jarðsögunnar. Uppl. á [www.volcanotours.is](http://www.volcanotours.is) eða í s. 4268822.

**Fjórhjólaferðir** - Boðið er upp á hjólaferðir bæði á torfæru- og reiðhjólum í náttúru Grindavíkur. Uppl. á [www.atv4x4.is](http://www.atv4x4.is) s. 8573001

**Arctic horses** - Boðið er upp á hestaferðir. Uppl. á [ride@arctichorses.com](mailto:ride@arctichorses.com) s. 6961919

**Saltytour** - Boðið er upp á rútuferðir með leiðsögn. Uppl. á [www.saltytour.com](http://www.saltytour.com) og í s. 8205750

**Sportsigling** – Boðið er upp á hvalaskoðun, fuglaskoðun, náttúruskoðun, Eldeyjarferðir ofl. Uppl. á [www.sportsigling.is](http://www.sportsigling.is) eða í s. 8927776

**Upplýsingar um tjaldsvæði, gistingu, veitingar og aðra þjónustu má sjá á [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is) eða í Saltfisksetrinu, s. 420 1190 og eins ef um breytingar er að ræða á dagskrárlíðum.**

## AF STAÐ á Reykjanesið gönguhátíð um verslunarmannahelgina 2010

### Föstudagur 30. júlí

Mæting kl. 20 við Saltfisksetrið, Hafnargötu 12a. Gengið verður með leiðsögn um gamla bæjarhlutann í **Grindavík** í 1-2 tíma. Gangan er í boði Grindavíkurbæjar og Saltfisksetursins. Endað með söng við tjaldsvæði Grindavíkur.

### Laugardagur 31. ágúst

Mæting kl. 11 við Ísólfskála, sem er í um 6 km austur af Grindavík, á Krýsuvíkurlieð. Gengið verður með leiðsögn um **Selatanga** þar sem sjá má minjar um verbúðir og sjósókn fyrir tíða. Síðan verður gengið eftir rekastíg um Katlahraunið sem er líkt og „Dimmuborgir“ með sínum kyngimögnum hraunmyndunum. Gangan endar við Ísólfskála og tekur um 2-3 tíma. Gott er að vera í góðum skóm. Kaffisala í Ísólfskálakaffi.

### Sunnudagur 1. ágúst

Mæting kl. 11 við Ísólfskálaveg undir Mælifelli við skilti þar sem stendur **Húshólmi**. Gengið verður með leiðsögn að hinum fornu rústum í Húshólma sem taldar eru vera frá því fyrir norrænt landnám. Svæðið býður upp á stórbrotna náttúru, jarðfræði og sögu. Til baka verður gengið með ströndinni. Gangan tekur um 4-5 tíma. Gott er að hafa með sér nesti og vera í góðum skóm. Þátttökugjald er kr. 1000. Frítt fyrir börn. Í lok göngu verður boðið upp á heilgrillað lamb á teini í Salthúsinu í Grindavík. Verð kr. 2.500.

### Mánudagur 2. ágúst

Mæting kl. 11 við bílastæði Bláa lónsins. Ekið verður með einkabílum að bílastæði í Eldvörpum. Gengið verður með leiðsögn að gömlu **“Tyrkjabyrgjunum”** svonefndu í Sundvörðuhrauni. Gangan tekur um 3-4 tíma. Svæðið býður upp á stórbrotna náttúru, jarðfræði og sögu. Gott er að hafa með sér nesti og vera í góðum skóm. Bláa Lónið býður upp á tvo fyrir einn í lónið í lok göngu.

Leiðsögumenn á gönguhátíð: Ómar Smári Ármannsson og Sigrún Jónsd. Franklín. Þátttökugjald er kr. 1.000, frítt fyrir börn 12 ára og yngri. Allir eru á eigin ábyrgð í ferðum. Gönguhátíðin er liður í viðburða- og menningardagskrá Grindavíkur 2010. Styrktar- og umsjónaraðilar: Grindavíkurbær, Saltfisksetrið, Bláa Lónið, FERLIR og sjf menningarmiðlun. Nánari upplýsingar um ferðir eru á [www.sjfmenningsarmidlun.is](http://www.sjfmenningsarmidlun.is) eða í gsm 691 8828, Sigrún Jónsd. Franklín, [sjf@internet.is](mailto:sjf@internet.is)